

SÁLF3CU05

Umhverfis- og réttarsálfræði

Prep: 3. þrep

Staða áfanga: Áfangi er valáfangi.

Kennsla: Áfanginn er kenndur á vorönn.

Undanfarar: SÁLF2BT05/SÁLF2BP05

Stutt lýsing á áfanganum:

Í umhverfis- og réttarsálfræði er meðal annars er fjallað um samspil umhverfis og fólks. Farið er í áhrif náttúru og byggðs umhverfis á heilsu og líðan. Fjallað er um þætti í umhverfinu sem valda streitu eða umhverfisstreituvalda. Farið verður í grunnatriði innan réttarsálfræðinnar. Skoðuð verða afbrot og afbrotahegðun. Farið verður í kenningar um afbrotahegðun og tengsl umhverfis og afbrota.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Umhverfisstreituvaldar, sjálfbærni, athygli, einbeiting, sálfræðileg endurheimt, græn svæði, götummyndir, umhverfisvæn hegðun, græn hegðun, auglýsingar, afbrot, glæpir, streita, áhættuþættir, verndandi þættir, árásarhneigð, falskar játningar og falskar ásakanir.

Námsmat:

Tímapróf, ritgerð, skýrsla, verkefni, kynningar.

Námsefni:

Námsefni kemur úr ýmsum áttum en nemendur þurfa ekki að kaupa kennslubók.

Ítarefni frá kennara: Valdir kaflar úr **Environmental psychology: An Introduction** eftir Steg, Van Den Berg og De Groot, 2013. Valdir kaflar úr **Introduction to forensic and criminal psychology** eftir Howitt, D. (2018) 6. útgáfa. Ýmsar fræðigreinar, bókakaflar og vefsíður/myndbönd.